

Nd. **476. Frumvarp til laga** [227. mál]
um breyting á lögum nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Í stað orðanna „í allt að 8000 hestafla orkuveri“ í 1. gr. laganna komi: í allt að 10000 hestafla orkuveri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa vakið athygli á, að túrbína sú, sem keypt verður til Lagarfossvirkjunar sé 10.000 hestöfl. Fyrir því er leitað heimildar Alþingis, að Lagarfossvirkjun verði 10.000 hestöfl í stað 8.000 hestafla. Nánar er málið skilgreint í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins til iðnaðarráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1972 svo hljóðandi:

„Með lögum frá Alþingi, samþykktum 16. desember 1970, var ríkisstjórninni heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 8.000 hestafla orkuveri.

Þegar vélar til virkjunarinnar voru boðnar út á s. l. sumri, var að sjálfsögðu miðað við þá vélstærð, sem löggin gera ráð fyrir.

Eins og hæstvirtu ráðuneyti er kunnugt, bárust hagstæðustu vélartilboðin frá Skodaexport í Tékkóslóvakíu, og það enda þótt stærð á túrbínu þeirri, sem boðin var, væri 10.000 hestöfl.

Samningar hafa nú verið undirritaðir við Skodaexport um vélar til Lagarfossvirkjunar samkvæmt heimild í bréfi hæstvirts ráðuneytis, dags. 4. þ. m., og þ. á m. um 10 þús. hestafla túrbínu og rafala með samsvarandi afkastagetu. Rafmagnsveiturnar telja ástæðu til þess að afla viðbótarheimildar Alþingis um virkjunarstærð, svo að hægt verði að nýta þessa stækkun véla að fullu.

Framangreind stækkun á vélum Lagarfossvirkjunar hefur ekki í för með sér neinar breytingar á gerð mannvirkja né vatnsborði Lagarfljóts.“